

## Svar

### **fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Fjársýslu ríkisins.**

*1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Fjársýsla ríkisins?*

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál. Í 64. gr. þeirra laga er kveðið á um hlutverk og verkefni stofnunarinnar.

*2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Fjársýslu ríkisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal sýna skiptingu fjárheimilda eftir málefnasviðum og málaflokkum í fjárlögum og er kostnaði því deilt niður með þeim hætti í fjárlögum fremur en á hvert lögbundið verkefni. Starfsemi Fjársýslu ríkisins fellur undir málaflokk 5.30 *Fjármálaumsýsla ríkisins* og samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 er fjárveiting til stofnunarinnar 2.079 millj. kr.